

13

11. apríl

3. gr.

Lögreglustjórum ber að brýna fyrir skipstjórum og afgreiðslumönnum skipa, sem flytja hingað vörur þær, er getur í 1. gr., að eigi megi afhenda slíkar vörur móttakendum fyr en stjórnarráðið hefir gjört ráðstafanir viðvikjandi þeim í þá átt, er að framan greinir.

4. gr.

Brot á móti ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum alt að 5000 kr. og fer um mál útaf þeim sem um önnur lögreglumál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 11. apríl 1917.**

**Sigurður Jónsson.**

Jón Hermannsson.

14

18. apríl lækni«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra Íslands 18. apríl 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

**fyrir Styrktarsjóð Kristjáns Jónssonar lækni.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Styrktarsjóður Kristjáns Jónssonar lækni«.

## 2. gr.

14  
18. apríl

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum að upphæð kr. 5559,00 — fimm þúsund fimm hundruð fimmtíu og níu krónur — og er tengdur við nafn Kristjáns Jónssonar læknis, sem fæddur var að Stóra-Ármóti í Árnessýslu 14. nóvember 1862, en andaðist í Clinton U. S. A. 26. febrúar 1910, og eru gefendur vinir hans í Vesturheimi.

## 3. gr.

Þeim hluta vaxta, sem úthlutað verður, skal varið til hjálpar þurfandi sjúklingum, sem leita sjer heilsubótar við hinn væntanlega spítala Íslands, og fer þarum á þessa leið: á næsta ári og uns Landsspítalinn tekur til starfa má verja alt að einum þriðja hluta af vöxtum höfuðstólsins til hjálpar þurfandi sjúklingum við spítalann í Landakoti, en er Landsspítali Íslands er tekinn til starfa, má verja alt að fjórum fimtu hlutum vaxta til hjálpar þurfandi sjúklingum þar. Þeim hluta vaxta, sem ekki verður úthlutað, skal bætt við höfuðstólinn, uns hann er orðinn að upphæð tíu þúsund krónur, og má hann aldrei skerða. En er sjóðurinn hefir náð því að verða tíu þúsund krónur, má verja alt að fimm sjöttu hlutum vaxta til hjálpar eins og áður segir.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal vera undir umsjón landsstjórnarinnar, sem sjái um tryggilega varðveislu og ávöxtun hans, en um úthlutun á styrk annist í sameiningu 1. dómkirkjuprestur í Reykjavík og yfirlæknir Landsspítalans, en meðan styrkur verður veittur sjúklingum við spítalann í Landakoti, Guðmundur prófessor Magnússon meðan hans nýtur, en síðan tilnefni 1. dómkirkjuprestur einhvern af læknum við spítalann í Landakoti.

## 5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 28. nóvember 1916.

Fyrir hönd gefenda

*G. Zoega.*